

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Loðnuvinnsluna hf.*, kt. 581201-2650, til að reka fiskimjölsværksmiðju á Fáskrúðsfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Vesturbyggð*, kt. 510694-2369, til að reka brennslustöð og urðunarstað á Patreksfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Sorpsamlag Þingeyinga*, kt. 711001-2470, fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs í flokkunar- og böggunarstöð á Húsa-vík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 19. desember 2002.

Davíð Egilson, settur forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 603, 9. ágúst 2002, um veiðar í atvinnuskyni 2002/2003.

1. gr.

Í stað „23.000“ í 2 tl. 3. gr. komi 30.000.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. desember 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.